

GJALDSKRÁ

fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Gjaldskylda.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhús, á hverja íbúð	713.194 kr.
Fjölbýlishús, á hverja íbúð	355.962 kr.
Mannvirki, önnur en íbúðir, pr. m ² af heildarstærð húsnæðis	2.020 kr.
0,28% af gjaldi einbýlis-, par- og raðhúsa.	

Geri húseigandi eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélagsins ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna.

Gjöld samkvæmt þessari grein miðast við byggingarvísitölu í desember 2025 (202,1) og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema:

0,0806% af heildarfasteignamati eignar í A-flokki.

0,17% af heildarfasteignamati eignar í B-flokki.

0,17% af heildarfasteignamati eignar í C-flokki.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 19.gr samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	20.538 kr./ár
Rotþró > 6.001 lítra	9.729 kr./m ³

5. gr.

Gjald dagar.

- a. Stofngjald fráveitu: Gjald dagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjald daga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjald daga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b. Fráveitugjald og rotþróargjald: Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjald daga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjald daga.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1776/2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, 3. desember 2025.

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 22. janúar 2026